

2. gr.

Gjaldskrá þessi er sett með heimild í 3. gr. búnaðarlaga nr. 70/1998 og tekur þegar gildi.

Landbúnaðarráðuneytinu, 2. júní 2000.

F. h. r.

Björn Sigurbjörnsson.

Ingibjörg Ólöf Vilhjálmsdóttir.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 176/1998 um notkun og bann við notkun tiltekinna efna í málningu og viðarvörn.

1. gr.

2. mgr. 5. gr. reglugerðarinnar fellur brott.

2. gr.

Orðin „með pentaklórfenóli“, sbr. 5. gr. eða í 1. másl. 7. gr. reglugerðarinnar falla brott.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett með stoð í 18. gr. laga nr. 52/1988, um eiturefni og hættuleg efni, ásamt síðari breytingum.

Einnig er höfð hliðsjón af ákvæðum 4. tl. XV. kafla II. viðauka samnings um Evrópska efnahagssvæðið, tilskipun 76/769/EBE, um samræmingu ákvæða í lögum og stjórnisýslufyrirmælum aðildarríkjanna varðandi takmörkun á sölu og notkun tiltekinna skaðlegra efna og efnablandna ásamt breytingum í tilskipun 1999/51/EB. Reglugerðin öðlast gildi við birtingu.

Umhverfísráðuneytinu, 7. júní 2000.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Ólafur Pétursson.

REGLUGERÐ

um fyrirkomulag og framkvæmd samræmdra lokaprófa í 10. bekk í grunnskólum.

1. gr.

Reglugerð þessi gildir um samræmd lokapróf í 10. bekk grunnskóla. Með samræmdu prófi er í reglugerð þessari átt við sama próf sem nemendum 10. bekkjar gefst kostur á að þreyta við lok grunnskóla á sama tíma og við sömu eða sambærilegar aðstæður. Sambærilegar aðstæður við próf gegna því hlutverki að gera niðurstöður prófanna samanburðarhæfar.